

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
framlengja með þessu samkomulagi fyrra
samkomulag um sjúkraflutningamenn

Framlenging þessi gildir frá
1. apríl 2001 til 31. desember 2005

Samkomulag þetta er gert á grundvelli þeirra forsendna sem fram koma annars vegar í bréfi fjármálaráðuneytis dags. 22.12. 1999 og bréfi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna dags. 31. 12. 1999.

- 1.1 Fyrir þá kvöð sem hvílir á sjúkraflutningamönnum að þurfa ávallt að vera viðbúinir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun er greiðist eftir á með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- 1.2 Þóknun þessi ákvarðast af fjölda sjúkraflutninga á viðkomandi þjónustusvæði, þ.e. útköllum, og reiknast fyrir hvern mann sem ráðinn er til fullrar bakvaktar án orlofstöku. Leggja skal til grundvallar fjölda flutninga sl. almanaksár og miða við fjölda vaktaálagsstunda skv. neðangreindri töflu. Miðað skal við 42% álag skv. launaflokki 133, 4. þrepi í núgildandi kjarasamningi LSS og Launanefndar sveitarfélaga, sem er kr. 350,75 í apríl 2001.

Fjöldi útkalla Fjöldi álagsstunda

Minna en	40	2800
Frá - til	40-99	3000
	100-149	3500
	150-249	3800

- 1.3 Fyrir hvert útkall skal greitt að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi. Lágmark þetta skal þó einungis vera 2 klst. ef flutningur er innan viðkomandi þéttbýlismarka. Greitt skal skv. yfirvinnukaupi í launaflokki 133, 4. þrepi, sem er kr. 1.357,92 í apríl 2001.
- 1.4 Sjúkraflutningamönnum er skylt að annast um búnað og mæta á æfingar eftir nánari ákvörðun viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.
- 2.1 Sé starfsmanni heilbrigðisstofnunar jafnframt starfi sínu falið að sinna sjúkraflutningum fer um kjör hans skv. því starfi, þ.e. útköll og bakvaktarþóknun greiðast ekki á sama tíma.
- 2.2 Tryggingar sjúkraflutningamanna skulu vera þær sömu og í fyrri kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra, þ.m.t. fjárhæðir fyrri hópslysstryggingar að uppfærðum vísitölum, með þeirri takmörkun þó að tryggingar gilda aðeins fyrir þann tíma sem sjúkraflutningar eða þjálfun standa yfir ásamt ferðatímanum til og frá áðurnefndum störfum. Í vinnuslysatilvikum skal sjúkraflutningamaður njóta réttar til launa sem hann væri ráðinn í fullt starf í launaflokki 133, 4. þrepi.
- 2.3 Sjúkraflutningamenn skulu eiga kost á að sækja endurmenntunar- og framhalds-námskeið sér að kostnaðarlausu eftir því sem við verður komið. Með því er einnig átt við að viðkomandi stofnun greiði sjúkraflutningamanni laun sem þeir væru ráðnir í fullt

starf í launaflokki 120, 4. þrepi á meðan fjarvistir frá vinnu vara. Þeir starfsmenn sem nú eru í starfi skulu þó njóta þessara kjara við öflun réttinda.

- 2.4 Sjúkraflutningamönnum skal séð fyrir vinnufatnaði eftir þörfum þeim að kostnaðarlausu í samræmi við kröfur starfsins.
- 2.5 Boðtæki hvers konar sem reynast kunna nauðsynleg, þ.m.t farsímar skulu lögð til af vinnuveitanda og hann standa straum af rekstri þeirra í þessum tilgangi.
- 2.6 Greiða skal orlof skv. grein 4.2.1 í nágildandi kjarasamningi LSS og Launanefndar sveitarfélaga.
- 2.7 Sjúkraflutningamönnum skal sköpuð aðstaða til að stunda líkamsrækt, til þjálfunar og viðhalds líkamlegu þreki sínu, þeim að kostnaðarlausu.
- 2.8 Greiða skal í orlofssjóð og starfsmenntunarsjóð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með sama hætti og gert var vegna fastra starfsmanna slökkviliða skv. fyrri kjarasamningi fjármálaráðherra og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
- 2.9 Um kjör þeirra að öðru leyti fer skv. fyrri kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra eftir því sem við getur átt.
- 2.10 Gera skal skriflega ráðningarsamninga við sjúkraflutningamenn.
- 3.1 Enginn skal skv. samningi þessum lækka í launum meðan nágildandi ráðning varir.
- 3.2 Launatölur í samningi þessum taka sömu breytingum og launatölur í samningi Launanefndar sveitarfélaga við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 18. maí 2001.
 1. janúar 2002 hækka laun um 3,0%
 1. janúar 2003 hækka laun um 3,0%
 1. janúar 2004 hækka laun um 3,0%
 1. janúar 2005 hækka laun um 3,0%

Samkomulag þetta gildir frá 1. apríl 2001 til 31. desember 2005 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 10. apríl 2003

f.h. fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)

f.h. Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

Vernharð Guðnason (sign.)
Brynjar Þór Friðriksson (sign.)
Gunnar Baldursson (sign.)
Sigurður Hjálmarsson (sign.)